

Seltjarnarnesbær
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík 12. apríl 2018
UST201803-023/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2015 - 2033 – Valhúsahæð - breyting


Vísað er til erindis Seltjarnarnesbæjar er barst 2. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015 – 2033. Einnig er óskað umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi Valhúsahæðar og aðliggjandi útivistarsvæðis.


Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að reisa þjónustukjarna fyrir fatlaða við Kirkjubraut á Seltjarnarnesi. Einnig kemur fram að framkvæmdasvæðið er áætlað milli Seltjarnarneskirkju og fjögurra parhúsa nr. 4-18 við Kirkjubraut. Í dag er skipulagssvæðið hluti af opnu svæði OP-6. Skv. drögum að deiliskipulagsupphætti á mynd 4 á bls. 3 í lýsingunni mun áætlaður byggingarreitur ekki fara lengra í áttina að opnu svæði/svæði á náttúruminjaskrá en húsið að Kirkjubraut 6.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemd við hana.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur